

11. júní 1997

Rannsóknir í Ormarsá 1996

Verklýsing, útskrift úr vinnudagbók

Föstudagur 30/8 1996. Lögð net í Arnarstaðavatn um kl. 15.00. Mikið grænt slýrek í átt frá innrennsli að útrennsli, netin liggja hálf á hliðinni.

Tekin rafveiðistöð (Stöð 6) sem er efst í Ormarsá við veginn sem liggur að henni. Mjög mikið fannst af stórum seiðum öllum eins nema eitt sem sennilega er gönguseiði, ekkert minna fannst. Pakkað af stórum seiðum, langt upp eftir ánni, sá ekki ástæðu til að drepa fleiri seiði en ég gerði. Mikið grænt slý og mér sýndist vera sveppur, (kisilþörungur) svipað og sást í Elliðaánum. Merkillegt að sjá hann svona ofarlega í landinu.

31/8. Búið að vitja um netið, sæmilegt í, skiptist í sjóbleikju og smáa fremur horaða. Rafveiðistöð tekin ofan við vatnið þar sem vegurinn fer yfir. Þar fannst eingöngu bleikja, sumargömul og árgömul. Engin laxaseiði fundust.

Sunnudagur (1/9). Við brúna á Ormarsá (Stöð 1) klukkan 12, þoka og frekar kalt er að létta til.

Lítið af seiðum, slæðingur (veiddum 50 m svæði) eða fremur lítið af seiðum, nær allt bleikja. Bara einn árgangur af laxi, sennilega 2 ára, engir 0-arar, þeir sáust hvergi. Talsvert hrökk undan stafnum svo segja má að það sé slæðingur af þessum tveggja ára seiðum.

Stöð 12, neðst í ánni ca 2 km frá girðingunni. Veiddi þar á grunnu vatni og út í dýpið, mjög mikið af seiðum tveggja ára og einnig eins árs seiði. Mikið slý og vont að veiða en mikið af seiðum, sjaldan sem maður sér svona mikið.

Stöð 3. Rétt fyrir neðan gamla veiðihús, Mikið af seiðum, sérstaklega stórum, en allir árgangar. Mjög mikið af seiðum.

Leitaði að gildrustæði við veginn þar sem hann liggur með hólmanum eftir að hann skiptist fyrir neðan Bláskriðu. Um 50 m ofan við hólmann liggur vegurinn alveg að ánni var áin mæld og skoðuð. Vaðið var út frá vegi og yfir. Fimm skref út er hún í hné, 10 skref í kálfa, 15 skref í hnésbót, þetta er í miðri á, 20 skref í hné, 25 skref í hnésbót þá eru eftir 5 skref í land. Áin er því 30 skref (skref mældist 70 sm). Botninn er tiltölulega sléttur, aðeins steinar, auðvelt ætti að vera að setja niður kistu. Sýnist að áin muni ekki hækka meira en 10 sm þó hún yxi mikið. Grasið nær alveg niður í vatnsborð. Áin er á þessu svæði hvergi dýpri en í hné. Gott gildrustæði aðstæðna vegna en spurning hvort hún þurfi ekki að vera ofar, veiðanna vegna.

Stöð 4 er í kvíslinni, þveránni sem er rétt ofan við þar sem vegurinn endar við hólmana. Veitt í ánni um 200 metrum ofan við ármót, þar sem fyrst er unnt að vaða yfir hana. Þar fannst mikið af seiðum bæði bleikja og lax.

Stöð 5 er ofan við veiðistað 20. Þar fannst mjög mikið af seiðum, áin var hreinlega kjaftfull af fiski.

Stöðvalisti 1996

Hér eru þær taldar frá ósi upp að vatni:

Stöð 1 er við brúna.

Stöð 12 er 200 m ofan brúar (ný stöð) (66,23.750 15,55.585)

Stöð 3 er 6 km ofan hliðs (stöð 2 frá 94) (66,22.017 15,57.071)

Stöð 4 er í þveránni við hólmana (ný stöð)

Stöð 5 er ofan við veiðistað 20, (stöð 4 frá 1994)

Stöð 6 er neðan við Arnarstaðavatn.


(heitur O 01, 66g 11.997 mín N, 16g 3.681 mín V)

Niðurstöður og ályktanir

Mjög mikið fannst af stórum seiðum í ánni alls staðar þar sem veitt var. Ekki var veitt í efri hluta árinna utan stöðvarinnar upp við Arnarstaðavatn en ekki er ástæða til að ætla annað en að uppeiddissvæði árinna á þeim hluta árinna séu einnig þéttsetnar seiðum og er þá miðað við niðurstöður kannana frá 1995.


Megnið af seiðunum sem fundust voru tveggja ára 7-10 sm að lengd (mynd 3 og tafla 1.). Gera má ráð fyrir að helmingur tveggja ára seiðanna a.m.k og öll eldri seiði gangi út vorið 1997. Verði hitafar vorsins eðlilegt bendir all til þess að óvenju mikið af gönguseiðum yfirgefi Ormarsá 1997.

Mikill gróður var í ánni eftir hlýtt sumar. Þess vagna var erfitt að veiða seiðin, þau voru "föst" í gróðrinum. Ekki var því



Mynd 1. Lengdardreifing veiddra seiða. (length distribution of caught parr),

Aldur	fjöldi	%	spönn	meðallengd
0+	7	8.5	4.3-5.2	4.7
1+	16	19.5	5.2-7.0	6.2
2+	52	63.5	6.8-10.5	8.4
3+	6	7.3	8.0-12.0	10.6
4+	1	1.2	13.9	13.9




Mynd 2. Lengdardreifing eins árs seiða (lfd of 1+ parr).

reynt að magnmæla (fjöldi 100 m²) seiðin.


Lítið fannst af nýklöktum seiðum og aðeins í neðri hluta árinna. Tekið var klak úr ánni haustið 1996 og munu nú (júní 1997) vera til um 25.000 seiði.

Gert er ráð fyrir að sleppa hluta þeirra í lok júlí að lokinni seiðakönnun.

Vorið 1997 hefur verið fremur kalt. Lítið er farið að grænka á NA-landi nú 10. júní nema hvað heimatún eru að byrja að taka við sér. Því má búast við að seiðagöngur verði seint á ferðinni að þessu sinni.



Mynd 3. Lengdardreifing tveggja ára seiða (lfd of 2+ parr).



Mynd 4. Dýptarsnið af Ormarsá (sjá texta). Áin er þarna um 20 m breið (depth in a 20 m wide section in Ormarsá appr. 1 km below Bláskrida, see text).

English summary

The Ormarsá was electrofished in late august 1986. The river is dense with rather large parr, see figs. 1-3 and table 1. Wegetation was dense because of long and warm summer, making it impossible to measure directly the density of the parr.

The smolt run in 1997 is expected to be big. The timing of the run will depend on the temperature in the spring/ early summer. At the present the spring is cold and late which is not a good sign.

There seems to be a shortage of the youngest parr. However, one cannot expect to see the 0+ until in the 1997 electrofishing. There are some 25.000 parr in the hatchery at Laxamýri. Release of parr, where and in what quantity, will take place in july, after the river has been electrofished.